

Mannréttindaborgin Reykjavík?

Opin fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar

Iðnó 10. desember. 2014

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir

Mannréttindaborg – skilgreining

- Er þéttbýliskjarni eða sveitarfélag sem með skýrum hætti byggir stefnu sína á mannréttindum eins og þau eru útlistuð í alþjólegum sáttmálum, og markar sér þannig sérstöðu á meðal annara sveitarfélaga.
 - (Oomen & Baumgärtel, 2012?)

- **Mannréttindaborgin Reykjavík**
- **Reykjavík – Mannréttindaborg**

Mannréttindaborgir og samstarfsnet

- Evrópskar mannréttindaborgir;
 - Graz, Barcelona, Salzburg, Nantes, Budapest, Gautaborg og York.
- United Cities and Local Governments (UCLG)
- PDHRE – People's Movement for Human Rights Education

Að færa mannréttindin heim

- Þegar allt kemur til alls, hvar byrja algild mannréttindi? Á litlu stöðunum, nær heimilum okkar – stöðum sem eru svo nálægir og svo smáir að þeir sjást ekki á nokkru heimskorti. Samt sem áður eru þeir veröld einstaklingsins; hans næsta nágrenni, skólinn sem hann sækir, verksmiðjan, býlið eða skrifstofan þar sem hann vinnur. Það eru staðirnir þar sem sérhver karl, kona og barn sækist eftir réttlæti öllum til handa, jöfnum tækifærum og jafnri virðingu – án mismununar. Ef slík réttindin hafa ekki merkingu þar, hafa þau hvarvetna litla merkingu.
 - (Eleanor Roosevelt, 1958)

Hverning verður borg mannréttindaborg?

- Hver er ávinningurinn af því að vera mannréttindaborg?
- Hvað felur það í sér?
- Hvaða stofnanir og starfsfólk sjá um verkefnið?
- Er sérstakt verklag / vinnuferli?
- Hverjar eru helstu hindranir og erfiðleikar?
- Hverjir eru kostirnir?
 - *Human Rights Cities: Mechanisms, Motivations, Implications: A case study of European HRCs, 2014?*

Hvað einkennir mannréttindaborgir?

- Mannréttindaborgir þurfi að innleiða þau réttindi sem varin eru í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðubjóðanna og/eða öðrum mannréttindasáttmálum.
- Mannréttindaborgir hafa að leiðarljósi grundvallargildin;
 - bann við mismunun, jafnrétti og fulla þátttöku allra.
- Mannréttindaborgir geta sett tiltekin málaefni á oddinn, frekar en að halda úti heildstæðu mannréttindastarfi þar sem allt er undir.

Mannréttindastefna sem tæki til breytinga

- Mannréttindastefnan þarf ekki einungis að svara kalli samtímans heldur að vera framsækin leiðarvísir í starfi borgarinnar í jafnréttis-, fjölmennningar- og mannréttindamálum.
- Í grunnin er Mannréttindastefnan gott verkfæri – þótt lengi megi breyta og bæta.
- Áherslur sem fram komu í spurningakönnun meðal stjórnenda hjá borginni snéru meira að bættri og skilvirkari kynningu, framkvæmd og eftirflygni en „göllum“ eða vanköntum á stefnunni sjálfri.
 - „Að hún sé til og stöðugt í umræðunni“ – „Skýr og aðgengileg“ – „Tekur á málefnum allra jaðarhópa“ – „Vekur umræðu“ – „Gott tæki fyrir stjórnendur borgarinnar.“

Að nefna á nafn

- Mikilvægi þess að jaðarsettir hópar séu nefndir á nafn en ekki afgreiddir með o.s.f. Slík nefning staðfestir tilvist þeirra og gefur þeim rými í almennri umræðu.
 - Kynhneigð og fötlun t.d. ekki nefnd á nafn í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65. gr. frá 1995 – þar ruddi mannréttindastefna Reykjavíkurborgar brautina.
- Aðspurð svöruðu 57 stjórnendur, eða 25%, að mannréttindastefnan hefði vakið athygli þeirra á aðstöðu hópa sem þau höfðu ekki leitt hugan að áður.
 - Flest nefndu; fötlun, aldur, heilsufar, þjóðerni/uppruna.
- Opnað var fyrir umræðu um transfólk í jafnréttisfræðslu í skólum vegna þess að transfólk var nefnt á nafn í endurskoðaðri útgáfu Mannréttindastefnunar frá 2013.

Hindranir og erfiðleikar

- Efnahagslegar hindranir
 - Það að halda úti öflugu mannréttindastarfi og tryggja jafnrétti og þátttöku allra í samfélaginu kostar bæði fjármuni og mannafla.
 - Á kreppu- og niðurskurðartímum er hætt við að andúð á innflytjendum aukist.
- Mikilvægi þess að stofnanavæða jafnréttis- og mannréttindastarf
 - Til þess að koma í veg fyrir að ný stjórnvöld ýti því út af borðinu sem gæluverkefnum.

Reykjavík sem „mannréttindaborg“

Ímyndasköpun eða alvöru stefnumótun?

Það að setja jafnrétti- og mannréttindi í öndvegi – eins og Reykjavíkurborg hefur gert í sinni stefnumótun – er aðferð til jákvæðrar ímyndasköpunar.

Til þess að „ímyndin“ verði sönn þarf mannréttindastefnan að vera lifandi og sívirkir plagg, sem allir borgarbúar og starfsmenn borgarinnar þekkja og sem nýtt er á öllum sviðum borgarsamfélagsins, einnig á litlu stöðunum. Fjármagn og sérfræðipækking verður að fylgja markmiðum.

Það að gera Reykjavík að mannréttindaborg getur verið liður í að fræða og kynna mannréttindastefnuna – heima og heiman.

Samtal við grasrótarhreyfingar

- Mikilvægt að efla tengsl á milli Mannréttindaskrifstofu og þeirra frjálsu félagasamtaka sem mannréttindastefnan snýr að og efna til samtals við þau um endurskoðun mannréttindastefnunnar.
- Söfnun jafnréttisgagna – stefnmótun og innleiðing mannréttindastefnu verður markvissari með meiri og betri upplýsingum um stöðu jaðarsettra hópa í borginni – til þess að afla slíkra gagna er nán samvinna við grasrótarhreyfingar mikilvæg.

Að taka frumkvæði?

- Mikilvægt að skoða hvort að Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar standist samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks m.a. ákvæði um að tryggja
 - „viðeigandi aðlögun ... til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og grundvallarfrelsi.“
 - <http://www.obl.is/thinn-rettur/samningar-um-malefni-fatladra/>
- Þá er lagt til að borgin taki það frumkvæði að innleiða samninginn, sem Ísland undirritaði 2007 en hefur enn ekki lögfest.

Að lokum

- Mannréttindaborgin Reykjavík
- Reykjavík – Mannréttindaborg
 - Já takk 😊